

Almennur hámarkshraði í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skal vera 50 km á klukkustund.

Á eftirtöldum vegum skal hámarkshraði þó vera 60 km á klukkustund:

- a) Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.
- b) Kringlumýrarbraut.
- c) Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka.
- d) Höfðabakka sunnan Vesturlandsvegar.
- e) Bæjarhálsi vestan Tunguháls.
- f) Gufunesvegi.
- g) Reykjanesbraut.
- h) Breiðholtsbraut.
- i) Elliðavogi sunnan Holtavegar.
- j) Eiðsgranda.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun á Bíldudal.

1. gr.

Suðurfjarðahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupsins.

2. gr.

Daglegt sorph frá íbúðarhúsum, veitingahúsum, verslunum o. s. frv. innan kaupsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi, komið fyrir í sorptunnu, eða sérsmíðuðum skáp. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir jörðu, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni. Húseigendur skulu bera allan kostnað við uppsetningu og viðhald pokagrinda. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka. Sorphreinsun skal framkvæmd minnst 40 sinnum á ári, eftir aðstæðum og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfiryllist ekki milli tveggja tæminga. Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili, ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd. Við stórhátiðar eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun, af einhverjum ástæðum, geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur, eftir því sem nauðsyn krefur, í áhaldahúsi hreppsins.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti, má aðeins setja innan í plast eða pappír í pokana. Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana. Mold, mól, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Þangað er banað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði. Bilhræ og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Bannað er að urða olíuleifar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

4. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnureksturs koma á sorpbíl þegar hreinsun fer fram, eða í sorphaugsstað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Skylt er hverjum húsráðanda að sjá svo um, að greiður aðgangur sé ávallt að sorpgrindum, fyrir sorphreinsunarmenn. Þá er átt við að sorpgrindur séu staðsettar þar sem auðvelt er að komast að þeim. Þá skal húsráðandi sjá um, að moka snjó frá sorpgrindum, þannig að snjór hindri ekki sorphreinsun.

8. gr.

Ofangreind samþykkt Suðurfjarðahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/ 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1977.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.